

Ed.

164. Nefndarálit

[7. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. er samþykktur ráðstöfun 50% gengismunar til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, úr því að sú leið er enn einu sinni farin að láta ekki gengismuu ganga óskertan beint til útflytjenda, eins og gert er að því er útflutningsaðila iðnaðarins varðar.

Hins vegar er allt hæpnara um ráðstöfun fjár samkv. b-lið 3. gr. frv., enda hefur gengið erfiðlega að fá fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd þessara ákvæða. En þess ber að gæta, að það getur valdið fyrirtækjum og einstaklingum miklum erfiðleikum, ef ákvörðun um ráðstöfun þessa fjár dregst, og vill minni hluti nefndarinnar ekki verða valdur að slíkum drætti og mun því ekki torvelda framgang málsins, þrátt fyrir ýmsa annmarka sem á málinu eru.

Minni hl. leggur áherslu á, að það fjármagn, sem ætlað er til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, verði afgreitt af stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands, og telur eðlilegt, að það fari í gegnum þá deild, sem stofnuð var með reglugerð frá 8. júní s. l. og ætluð er til hagræðingar í fiskvinnslu.

Eðlilegt er, eins og oft hefur verið gert áður, að létta stofnkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra fjárskuldbindinga, en við teljum þó að teflt sé á tæpasta vað með hlutdeild útgerðarinnar sjálfrar í gengishagnaði.

Við teljum eðlilegt, að það fjármagn, sem ætlað er í því augnamiði að hætta rekstri úreltra og gamalla skipa, verði afgreitt í gegnum Aldurslagasjóð fiskiskipa, sbr. lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og eðlilegt að stjórn þess sjóðs fjalli endanlega um úthlutun þessa fjármagns.

Með tilvísun til 2. gr. frv., þar sem segir að ríkisstjórnin kveði nánar á um til hvaða afurða fjármunir úr gengismunarsjóði skuli nema, viljum við benda á, að skreiðarframleiðendur og í sumum tilfellum saltfisksframleiðendur stóðu fyrir gengisbreytinguna höllum fótum og kæmi því að okkar dómi mjög til álita, að hluti framleiðslu þeirra verði greiddur útflytjendum á hinu nýja gengi.

Alþingi, 12. des. 1978.

Jón G. Sólnes, Ey. Kon. Jónsson.
frsm.